6. Umbúðamerking

HREINSIR



ÆTANDI

Inniheldur:

White Spirit
(< 10% arómöt)

1,1-dímetýletanól

2-bútoxíetanól

1,1,1-tríklóretan

Kalsíumhýdroxíð

ELDFIMT

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku
Ertir öndunarfæri
Hætta á heilsutjóni við langvarandi notkun
Berist efnið í augu, skolið þá strax vandlega með miklu vatni og leitið læknis
Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu
Geymist á vel loftræstum stað
Haldið frá hitagjöfum – Reykingar bannaðar

FRAMLEIÐANDI/INNFLYTJANDI – Nafn og heimilisfang

Athugið að rýmið sem ætlað er fyrir merkingu fer eftir rúmfangi vörunnar og varnaðarmerki þarf hvort um sig að vera a.m.k. tíundi hluti þess rýmis. Sjá auk þess IV. kafla, 1.tl. gr.12.1, varðandi þau prósentumörk sem miðað er við þegar innihald vörunnar er gefið upp.

Nr. 237 31. maí 1990

STARFSREGLUR

fyrir flugeftirlitsnefnd.

1. gr.

Nefndin heitir „Flugeftirlitsnefnd“, á ensku „Aviation Service Inspection“.

Flugeftirlitsnefnd heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

Samgönguráðherra skipar formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Samgönguráðherra lætur nefndarmönnum í té persónuskilríki til sönnunar um réttarstöðu og heimildir þeirra í störfum.

Öll mál, sem nefndin og starfsmenn hennar fjalla um, skal farið með sem trúnaðarmál.

2. gr.

Flugeftirlitsnefnd heldur fundi eigi sjaldnar en tvisvar hvern mánuð. Formaður flugeftirlitsnefndar boðar fundi og stjórnar þeim.

Flugeftirlitsnefnd heldur gerðarbók um störf sín.

3. gr.

Flugeftirlitsnefnd hefur á hendi eftirlit með þjónustu flugrekenda, sem leyfi hafa til reglubundinna áætlunarferða á flugleiðum innanlands og milli Íslands og annarra landa.

4. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal fylgjast með því, að leyfishafar virði þau ákvæði um far- og farmgjöld, sem stjórnvöld setja á hverjum tíma.

Eftirlit með far- og farmgjöldum leyfishafa skal unnið í samráði við Verðlagsstofnun.

Leyfishafar skulu senda flugeftirlitsnefnd ársfjórðungslega far- og farmgjaldskrár sínar og oftar, ef nefndin æskir þess. Einnig skulu leyfishafar senda nefndinni endurskoðaða ársreikninga.

5. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal fara yfir áætlunardrög leyfishafa fyrir hvert áætlunartímabil og meta hvort þau fullnægi flutningsþörf á viðkomandi leið og senda samgönguráðherra umsögn.

Nefndin skal hafa eftirlit með því að leyfishafi fylgi samþykktri áætlun og haldi uppi föstum áætlunarferðum í samræmi við hana.

Eftirlit samkvæmt þessari grein skal framkvæmt í samvinnu við Flugmálastjórn.

Leyfishafar skulu senda nefndinni ársfjórðungslega upplýsingar á sérstaklega útbúnum eyðublöðum, um tölu farþega, fjölda ferða, póst- og vöruflutninga og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að mati nefndarinnar.

6. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu hvers kyns rökstuddar kvartanir um þjónustu leyfishafa og gera tillögur til ráðherra um úrbætur, áminningar og leyfissviptingar.

Ráðherra getur falið nefndinni að gera athugasemdir og áminna leyfishafa.

7. gr.

Flugeftirlitsnefnd skal árlega gera skýrslu um störf sín og senda samgönguráðherra.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af störfum flugeftirlitsnefndar.

9. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir, sbr. grein 2.3 í reglugerð nr. 580/1989, sem er breyting á reglugerð nr. 381/1989 um flugrekstur og taka þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.